



Aðalfundur Sósíalistaflokks Íslands
24.5.2025

Staðsetning: Bolholt 6
Boðaður fundartími kl. 11:00
Fundur settur kl. 11:11

Dagskrá Aðalfundar samkvæmt fundarboði framkvæmdarstjórnar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Fundarsköp
3. Skýrsla Framkvæmdastjórnar lögð fram
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun félagsgjalds
7. Kosning pólitísk leiðtoga
8. Kosning í stjórnir sem sem kveðið er á um í Skipulagi
9. Stjórn málaályktanir fundarins og aðrar samþykktir
10. Önnur mál.

Þetta gerðist:

- Formaður kosningastjórnar og sitjandi pólitískur leiðtogi flokksins Sanna Magdalena Mörtudóttir setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.
- Fundargestir voru ýmist mættir á fundinn á staðnum í Bolholti 6 eða í gegnum fjarskiptaforritið Zoom.
- Fundurinn notaðist við rafrænt kosningakerfi frá Outcome hugbúnaður ehf. og framkvæmdarstjóri fyrirtækisins, Þórður Höskuldsson kynnti fyrir fundargestum hvernig skráning og kosning í kerfinu fer fram.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

- Sanna Magdalena Mörtudóttir lagði til við fundinn að Gísli Tryggvason yrði skipaður fundarstjóri. Hallfríður Þórarinsdóttir fór fram á að kosning færi fram um fundarstjóra og lagði til Ríkey Jónu Eiríksdóttur landsforseta Junior Chambers International (JCI) sem fundarstjóra. Rafræn kosning fór fram og fundur staðfesti Ríkey Jónu Eiríksdóttur sem fundarstjóra. Sanna Magdalena Mörtudóttir lagði til að Margrét Pétursdóttir yrði fundarritari. Hallfríður Þórarinsdóttir fór fram á að kosning færi fram um fundarritara og lagði til Hannes Pétursson sem fundarritara. Rafræn kosning fór fram og fundur samþykkti Hannes Pétursson sem fundarritara. Fundurinn fór fram á að Ríkey kynnti sig stuttlega og sinn feril í fundarstjórnun sem hún gerði.

Ríkey var samþykkt sem fundarstjóri og Hannes fundarritari með rafrænni kosningu.

2. Fundarsköp

- Fundarstjóri lagði til að nota hefðbundin íslensk fundarsköp sem fundurinn samþykkti án andmæla.

3. Skýrsla Framkvæmdastjórnar lögð fram

- Gunnar Smári Egilsson fráfarandi formaður framkvæmdarstjórnar flutti skýrslu framkvæmdarstjórnar um verkefni hennar frá síðasta aðalfundi. Framkvæmdarstjórn taldi helsta verkefni síðasta árs vera undirbúning fyrir þingkosningar. Haustið 2023 hófst sú vinna að skerpa andlit flokksins í pólitískri baráttu og var meðal annars tekið upp að senda mánaðarlega bréf til almennra félaga. Í lok ársins 2023 þróaðist sú vinna í gegnum

sameiginlega fundi allra stjórna í hugmyndina um sérstaka stjórn, kosningastjórn og pólitískan leiðtoga flokksins, og tillaga þesshljóðandi var samþykkt á aðalfundi 2024 þar sem Sanna Magdalena Mörtudóttir var kjörinn pólitískur leiðtogi flokksins. Þingkosningar haustið 2024 urðu fyrr en búist var við og niðurstaðan taldist vonbrigði fyrir flokkinn þar sem hann náði ekki inn á þing. Formaður reifaði ýmsar ástæður þessara úrslita, og nefndi óeiningu innan framkvæmdarstjórnar sem ástæðu erfiðleika í starfi hennar. Þar sem kosningarnar voru meginverkefni 2024 dróg framkvæmdarstjórn sig að vissu marki í hlé á þeim tímapunkti til að leyfa kosningastjórn að vinna úr úrslitunum.

Hallfríður Þórarinsdóttir gjaldkeri og Sæþór Benjamín Randalsson meðstjórnandi í framkvæmdastjórn Sósíalistasflokksins lögðu fram eftirfarandi bókun við lið 3.- Skýrslan hefur aldrei verið rædd í framkvæmdastjórn, hún er því ekki höfundarverk framkvæmdarstjórnar heldur formanns framkvæmdarstjórnar.

4. Reikningar lagðir fram til samþykktar.

- Pétur Örn Björnsson, löggiltur endurskoðandi og eigandi Kapital Ráðgjöf kynnti reikninga starfsársins 2024 og lagði þá fram til samþykktar. Hann áritaði ársreikningana og staðfesti að þeir væru tölulega réttir.

- Aðalatriði reikninganna voru eftirfarandi: eigið fé flokksins var 28.484.140 í lok starfsársins 2024.

Tekjur flokksins voru að stærstum hluta ríkisstyrkir eða um 22,5 miljónir. Styrkir fá borginni, styrkir frá einstaklingum og félagsgjöld mynduðu aðra tekjustofna flokksins..

Kostnaður alþingiskosninga og framlag til Vorstjórnunnar voru stærstu útgjaldaliðirnir á starfsárinu. Kostnaður við vaxtalaust skammtímalán til Samstöðvarinnar hækkaði frá árinu 2023 til 2024 sem var stærsti liðurinn í því að handbært fé flokksins lækkaði á milli áranna 2023 og 2024.

- Umræða um lið 4.

Guðbergur Egill Eyjólfsson: spurði hvað yrði um þá peninga sem rynnu í Vorstjórnuna.

Pétur Örn Björnsson: gat ekki svarað því hvernig Vorstjarnan ráðstafar þeim fjármunum þar sem það var utan reikninga flokksins.

Gunnar Smári Egilsson: tók því að sér að svara spurningunni. Hann lýsti því að samþykkt hefði verið á félagsfundi 2018 að framlag Reykjavíkurborgar myndu renna inn í Vorstjórnuna. Samkomulag var svo gert við borgarfulltrúa um að hlutfall launa þeirra myndi renna inn í Vorstjórnuna með það að markmiði að laun þeirra yrði í samræmi við þorra launafólks. Hlutverk Vorstjórnunar var hugsað sem utanhald um húsnæði flokksins í Bolholti 6 sem væri einnig vettvangur Samstöðvarinnar og sem styrktarsjóð fyrir baráttu viðkvæmra hópa í samfélaginu líkt og leigjendur, innflytjendur, einstæðir foreldrar o.s.frv. Töluverðir fjármunir eru í höndum Vorstjórnunnar sem stendur, þar sem ýmis félög sem hún hefur styrkt eru í lægð. Guðbergur Egill Eyjólfsson: spurði hvort að enn væri verið að leggja peninga inn á reikning Vorstjórnunnar í ljósi þess að stjórn hennar er óstarfshæf.

Gunnar Smári Egilsson: ekki hefur verið lagt inn á Vorstjórnuna á þessu ári. Áætlanir voru um að endurreisa virkni Vorstjórnunnar en þær trufluðust vegna alþingiskosninganna.

Fundurinn samþykkti reikningana með rafrænum kosningum og lófaklappi.

5. Lagabreytingar

- Lagabreytingatillögur sem framkvæmdarstjórn höfðu borist voru lagðar fram fyrir fundinn sem kaus um þær í rafrænni kosningu. [Lagabreytingatillögurnar eru í fullri lengd í ítarefni fundargerðar.](#)

- I. Skipun Samvisku, tillaga lögð fram af Framkvæmdarstjórn Sósíalistaflokkssins.

Flutningsmaður: Gunnar Smári Egilsson skýrði tillögunna fyrir fundargestum og lýsti henni sem praktískri breytingu á skipulagi flokksins.

- II. Kosningastjórn, tillaga lögð fram af Kosningastjórn Sósíalistaflokkssins. Flutningsmaður: Sanna Magdalena Mörtudóttir.

Umræða um Tillögu II:

Karl Héðinn Kristjánsson: vill nánari útskýringu á því hver ákveði fyrstu fjögur sætin á lista fyrir kosningar ef að það er ekki hlutverk uppstillingarnefndar samkvæmt tillögunni.

Sanna Magdalena Mörtudóttir: Ályktanir verða lagðar fram á fundinum um þetta atriði í lið 9 í fundardagskrá.

- III. Svæðisfélög, tillaga lögð fram af Jóni Þór Sigurðssyni fyrir hönd félaga í Norðausturkjördæmi. Flutningsmaður: Guðbergur Egill Eyjólfsson. Breytingartillaga var lögð fram á fundinum af Guðbergi Agli Eyjólfssyni sem viðbót sem kosið yrði um. Fundarstjóri skýrði að ef sú breytingartillaga yrði felld yrði kosið um upprunalegu tillögunna í kjölfarið. Breytingartillagan er ásamt upprunalegu tillögunni í ítarefni fundargerðar.

Kjarni breytingatillögunnar er að flokkurinn taki upp svæðisfélög og kjördæmaráð í skipulagi flokksins.

Umræða um tillögu III:

Sanna Magdalena Mörtudóttir: spurðist fyrir um hvar þessi breytingar liggi fyrir.

Karl Héðinn Kristjánsson: búið er að senda hana á netfang framkvæmdarstjórnar en biður um að hún verði sett á netið til kynningar fundargesta.

Gunnar Smári Egilsson: spyr hvort að þurfi ekki að kjósa um báðar lagabreytingartillögurnar ef breytingartillaga er sett fram. Hann bendir einnig á að fyrri tillaga III. stangist á við tillögu II, og vonar að fundargestir samþykki þær ekki báðar. Lýsir því einnig yfir því að tillaga III. sé á skjön við fyrri stefnu og skipulag flokksins.

Guðbergur Egill Eyjólfsson: tekur undir með Gunnari Smára að þetta sé mikil breyting á skipulagi flokksins, en að skipulag flokksins þarfnist töluverða breytinga. Vonar að þessi kosning sé byrjun á heildarbreytingum á lögum og skipulagi flokksins.

Þorvaldur Þorvaldsson: lýsir yfir stuðningi við tillögu III. um Svæðisfélög og lítur á hana sem skref til lýðræðislegra vinnubragða.

- IV. Trúnaðarráð, tillaga lögð fram af ROÐA- ungliðafélagi sósíalistaflokkssins.

Flutningsmaður: Karl Héðinn Kristjánsson. Kjarni tillögunnar er að Samviska breytist úr 30 manna slembivöldum hóp í trúnaðarráð með 3 aðalmönnum og 2 varamönnum.

Umræða um tillögu IV:

Sanna Magdalena Mörtudóttir: Vill frekari upplýsingar um hvernig aðhald eigi að eiga sér stað samkvæmt tillögunni.

Karl Héðinn Kristjánsson: aðhald er nauðsynlegt í öllum skipulögðum samtökum, mikilvægast er að reyna að ná sáttum í deilumálum og frumskylda trúnaðarmanns er að reyna að halda góðum félagsanda.

Oddný Eir Ævarsdóttir: leggur fram athugasemd um fólk á Zoom geti ekki borið fram spurningar. Tekur einnig fram að henni finnist tillagan vera blanda af kaþólskum siðareglum og autokratíu og þannig skref að einræðisskipulagi ekki lýðræðisvæðingu.

Fundarstjóri: svarar því að einstaklingar á Zoom geta tekið til máls með því að rétta upp rafræna hönd.

Brynjólfur Sigubjörnsson: lýsir skoðun sinni að Roði sé orðinn sérstakur flokkur innan Sósíalístaflokksins.

Karl Héðinn Kristjánsson: Roði er ungliðahreyfing flokksins og allir félagar sem eru undir 35 aldri eru sjálfkrafa skráðir í Roða.

María Pétursdóttir: lýsir því að henni finnist þessi tillaga Roða kostuleg, Samviska hafi heimild til að setja vinnureglur og siðareglur fyrir hreyfinguna og að tillagan sé því mikill óþarfi.

Sigrún Unnsteinsdóttir: lýsir því yfir að henni finnist tillaga III. mjög góð þar sem hún skapi einstaklinga á bakvakt til að taka á málum innan hreyfingarinnar. Áréttar að Samviskan í núverandi formi hafi aldrei virkað sem skyldi og aldrei verið virkjuð.

Sanna Magdalena Mörtudóttir: fékk ábendingu um félagar sem eru staðsettir erlendis og eiga í erfiðleikum með að skrá sig.

Þórður Höskuldsson fyrir hönd Outcome: Við höfum þegar leyst úr máli sem þessu þar sem einstaklingar eru ekki með íslenska kennitölu. Tæknilega er engin slík hindrun.

Guðbergur Egill Eyjólfsson: lýst betur á að hafa trúnaðarmenn heldur en slembivaldan hóp þar sem vandamál geti krafist sérhæfðra trúnaðarmanna.

- Tillaga V. Baráttustjórn. Flutningsmaður: Gunnar Smári Egilsson. Byrjar á því að hafna ummælum Sigrúnar Unnsteinsdóttur um að Samviska hafi aldrei verið ræst og lýsir því yfir að hún hafi eitt sinn verið ræst og starfað. Tilgangur lagabreytingartillögunnar er að endurræsa Baráttustjórn sem hefur legið óvirk um hríð. Baráttustjórn sem er stjórn þar sem hópar í flokknum berjast fyrir sértækum málefnum.

Umræða um tillögu V.

Sæþór Benjamín Randalson: bendir á það að samkvæmt fundarboði framkvæmdarstjórnar verði lagabreytingartillaga að vera send með tveggja vikna fyrirvara til að teljast lögleg.

Fundarstjóri: hefur enga klausu fundið í lögum flokksins um tímaramma þess að lagabreytingartillögur þurfi að berast svo að tillagan sé lögleg.

Jón Ísak Hróarsson: lýsir því að hann hafi verið hvattur til að bjóða sig fram í Baráttustjórn, og hafi í kjölfar þess bent á það að baráttustjórn sé ekki lögleg samkvæmt núverandi flokkslögum. Hann telur þessa ábendingu vera íkveikjuna að þessari lagabreytingartillögu. Hann bendir á það að Sanna hafi ekki birt nafn hans á lista sem hún birti á Rauða Þræðinum um frambjóðendur sem hún ætlaði sér að kjósa.

Sanna Magdalena Mörtudóttir: þakkar sýndan áhuga á öllum framboðum.

Fundarhlé kl. 12:58

Fundarstarf hafðist að nýju kl. 13:24

Fundarstjóri árétaði fyrir einstaklingum á Zoom að birta fullt nafn og hvatti einstaklinga sem mættu í pontu til að tala hægt.

- *Almenn umræða um tillögur:*

Sanna Magdalena Mörtudóttir: las yfir lagabreytingartillögunar. Kallaði eftir því að umræða fari fram um þær.

Arnar Páll Guðmundsson: lýsir því að í skipulagi flokksins segi að að einungis viðstaddir félagar á fundinum séu atkvæðabærir og að smölun sé í gangi á Facebook.

Sara Stef. Hildardóttir: gagnrýni sem kom fram snýr að kosningasvæðum, ekkert sé að því að hvetja félagar til að koma og kjósa.

- Umræðu slitið af fundastjóra og gengið til rafrænna kosninga. Bæði fundargestir í Bolholti 6 og á Zoom voru atkvæðabærir. Fimm lagabreytingartillögur lágu fyrir fundinn og hafist var á kosningu um tillögur í þessari röð: tillaga II., breytingartillaga III., tillaga IV., og tillaga V. Ef að lagabreytingartillaga IV. yrði samþykkt væri tillaga I. sjálfkrafa felld þar sem þær stönguðust á í innihaldi og því var ekki kosið um tillögu I. í fyrstu atrennu.

Kosning var stöðvuð vegna óskýrleika í framkvæmd.

Sanna Magdalega Mörtudóttir: óskar eftir því að hver tillaga verði lögð í einu og skýrð.

Oddný Eir Ævarsdóttir: Hvetur fundargesti til að hugsa sjálfstætt þar sem auðvelt sé að eyðileggja það sem hefur tekið langan tíma að byggja.

Sigurrós Eggertsdóttir: spyr hvort að atkvæði fyrri tilraunar til kosningar falli dauð niður.

Hrafnhildur Ingvadóttir: kveðst ekki skilja tillögu III., og þykir hún ruglingsleg.

Fundarstjóri: svarar játandi við spurningu Sigurrósar um að fyrri atkvæði falli dauð niður.

Þórður Höskuldsson frá Outcome renndi aftur yfir innritunar ferlið fyrir rafrænu kosningarnar.

- Seinni kosninglota hafðist, hver kosningagluggi var 3 mínútur og niðurstöður voru staðfestar af fundarstjóra, fundarritara og Þórði Höskuldssyni frá Outcome. Byrjað var á II. tillögu sem var lögð fram af kosningastjórn og kynnt af Sönnu Magdalenu Mörtudóttur.

Kosning lokuð 13:49. Niðurstaða kosningar: Fundur hafnar Lagabreytingartillögu II.

- Kosið um breytingartillögu á tillögu III. sem var lögð fram af Jóni Þór Sigurðssyni og kynnt af Guðbergi Agli Eyjólfsyni. Kosning lokuð 13:54. Niðurstaða kosningar: Fundur samþykkir breytingartillögu við Lagabreytingartillögu III.

- Kosið um tillögu IV. um trúnaðarráð, lögð fram af Roða og kynnt af Karl Héðni Kristjánssyni. Fundarstjóri áréttar að ef að hún er samþykkt verði lagabreytingartillaga I. ekki borin fram fyrir fundinn. Kosning lokuð 13:59. Niðurstaða kosningar: Fundur samþykkir Lagabreytingartillögu IV.

- Kosið um lagabreytingartillögu V. um Baráttustjórn, lögð fram af framkvæmdarstjórn og kynnt af Gunnari Smára Egilssyni. Kosning lokuð 14:05. Niðurstaða kosningar: Fundur hafnar lagabreytingartillögu V.

6. Félagsgjald

- Félagsgjald hélst óbreytt.

7. Kosning pólitísku leiðtoga

- Þar sem Sanna Magdalena Mörtudóttir var ein í framboði í embætti til pólitísku leiðtoga og var því sjálfkjörin.

Sanna Magdalena Mörtudóttir: Er hugsi yfir atburðum á aðalfundinum en heitir því að berjast fyrir efnahagslegu réttlæti í samfélaginu.

8. Kosning í stjórnir sem kveðið er á um í Skipulagi.

- Fundur kaus í stjórnir með rafrænni kosningu þar sem bæði fundargestir á Zoom og í Bolholti 6 tóku þátt. Boðið var fram í fjórar mismunandi stjórnir þar sem tillaga V. um Baráttustjórn var felld.

Þar sem lög flokksins um kosningastjórn kveða á um að pólitískur leiðtogi flokksins sé formaður kosningastjórnar var einungis kosið um 8 aðalsæti í kosningastjórn og taldist Sanna Magdalena Mörtudóttir sjálfkjörin í kosningastjórn. [Fullur listi yfir frambjóðendur er í ítaraefni.](#)

- Niðurstöður kosninga voru eftirfarandi:

Í Kosningastjórn Kosning lokuð 14:22

Aðalsæti

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Þórdís Bjarnleifsdóttir
Birna Gunnlaugsdóttir
Kristbjörg Eva Andersen Ramos
Vésteinn Valgarðsson
Markús Candi
Kristinn Hannesson
Mikael Snær Gestsson
Varasæti sjálfkjörin
Ásta Margrét Elínardóttir
Guðröður Atli Jónsson
Andrea Rakel Bachmann
Helen Maria Olafsdóttir

Í Félagastjórn

Aðalsæti sjálfkjörin

Davíð Þór Jónsson
Björgvin Þór Þórhallsson
Ester Bíbí Ásgeirsdóttir
Bogi Reynisson
Vilborg Bjarkardóttir
Ágústa Anna Ómarsdóttir
Valdimar Andersen Arnþórsson
Ingunn Fjóla Brynjólfssdóttir
Jón Gísli Harðarson

Varasæti sjálfkjörin

Hákon Sveinsson
Jóhann Helgi Heiðdal
Gunnar Þór Jónsson
Oddný Eir Ævarsdóttir

Í Málefnaastjórn

Fyrri kosning lokuð kl. 14:37

- Sanna Magdalena Mörtudóttir óskar þess að kosning verði endurtekin vegna vandræði einstaklinga að skila inn atkvæðum sínum. Karl Héðinn Kristjánsson var stuðningsmaður tillögunnar og fundurinn samþykkir hana.

Seinni kosning lokuð 14:53

Aðalsæti kosin

Anna Jonna Ármannsdóttir
Ari Orrason
Arnar Páll Gunnlaugsson
Elínborg Steinunnardóttir
Elvar Fossdal
Hjörtur Birgir Jóhannuson
Jón Þór Sigurðsson
Sigurður Haraldsson
Vífill Valgeirsson

Varasæti kosin, kosning lokuð 14:59

Sigurjón M. Egilsson
Sunna Dögg Ágústsdóttir
Unnur Rán Reynisdóttir
Sylviane Pétursson Lecoultre

Í Framkvæmdarstjórn kosning lokuð 15:07

Aðalsæti kosin

Bergljót Tul Gunnlaugsdóttir
Guðbergur Egill Eyjólfsson
Hallfríður Þórarinsdóttir
Hjálmar Friðriksson
Jón Ferdínand Estherarson
Karl Héðinn Kristjánsson
Sæþór Benjamín Randalsson
Sigrún Unnsteinsdóttir
Þorvaldur Þorvaldsson

●Að lokinni kosningu í aðalsæti sagði Luciano Dutra sem var í framboði í varasæti í framkvæmdarstjórn sig úr flokknum og lýsti því yfir aðalfundur og stjórn hans hafi verið ólýðræðisleg.

Varasæti kosin kosning lokuð 15:15

Marzuk Ingi Lamsiah Svanlaugar
Rósa Guðný Arnardóttir
Sigurjón Ármann Björnsson
Sigurrós Eggertsdóttir

●Fundurinn fagnaði öllum sem buðu sig fram og öllum sem hlutu kjör í stjórnir með lófaklappi.

Oddný Eir Ævarsdóttir sagði sig úr félagastjórn, og óskaði flokksmönnum góðs gengis undir nýrri forystu.

Helen María Ólafsdóttir sagði af sér úr varastjórn kosningastjórnar.

9. Stjórn málaályktanir fundarins og aðrar samþykktir

Tillögurnar að ályktunum eru í fullri lengd í ítarefni fundargerðar.

- Þórdís Bjarnleifsdóttir kynnti tillögu að ályktun I. um blandaða leið við val á framboðslista til Alþingiskosnis sem var samin af Þórdísi Bjarnleifsdóttur, Kára Jónssyni og Guðmundi Jóni Erlendssyni. Kjarni tillögunnar var að velja ætti þrjá efstu einstaklinga á lista í hverju kjördæmi í lokuðu prófkjöri meðan neðri sæti væru valin með uppstillinganefnd.

Umræða

Guðbergur Egill Eyjólfsson: lýsti því yfir að tillagan væri í réttum anda, en taldi að svæðistjórnir og kjördæmaráð þyrftu að halda réttinum til að velja frambjóðendur sína sjálfstætt. Hann vildi einnig fá skýringu á því hvort að ályktunin yrði einungis til viðmiðunar. Þórdís Bjarnleifsdóttir: skýrði áhyggjur höfunda af því að of fá atkvæði gætu lagt að baki hverjum frambjóðenda ef svæðistjórnir sæu eingöngu um valið.

Jón Ferdínand Estherarsson: Vildi einnig fá úr því skorið hvort að ályktunin yrði ráðgefandi eða ígildi laga.

Fundarstjóri: skýrði að þetta væru eingöngu ályktunartillögur ekki lagabreytingar.

Ágús Valves Jóhannesson: fyrir margar hluta sakir er þessi tillaga mjög góð, en kallar eftir því að henni verði vísað í stjórnir til að vinna lengra með hana ásamt því að farið verði gagnert í lagabreytingar á lögum flokksins.

Kári Jónsson: tilgangur tillögunnar er að hámarka lýðræði, ekkert annað. Þau sem sátu í uppstillinganefnd fyrir síðustu alþingiskosningar vilji ekki endurtaka það ferli.

Þorvaldur Þorvaldsson: bendir á að tillagan brjóti að vissu marki í bága við lagabreytingatillögu III. um svæðisfélög sem fundurinn hafði samþykkt. Svæðisfélög ættu að geta framselt vald sitt til landstjórnar en ætti ekki að vera knúinn til þess. Ómögulegt væri að taka vald af svæðisfélögum og kjördæmaráðum sem þeim hafði verið gefið fyrir á fundinum.

Kári Jónsson: að vísa þessu máli til nefndar er að setja það í skúffu. Tilgangur tillögunnar er að hámarka lýðræði og lágmarka einræði.

Arnar Páll Gunnlaugsson: tekur undir þessa ályktun, og sér ekkert því að fyrirstöðu að samþykkja þessa ályktun til að hafa til hliðsjónar áður en farið er í vinnu við að uppfæra öll lög flokksins.

Guðbergur Egill Eyjólfsson: vill halda því til haga að heimafólk verði að geta valið sína frambjóðendur. Reykvíkingar þekki ekki til hlítar málefni landsbyggðarinnar.

Þórdís Bjarnleifsdóttir: innbyggt í stefnuna að svæðisfélög raði á lista en þurfi að leggja það fyrir félagsfund til samþykktar. Leggur til að við kjósum um þetta og vinnum áfram ályktunina ef að hún er samþykkt.

Ari Orrason: er ósammála þeirri hugmynd að fólk utan kjördæma hafi eitthvað með það að velja fulltrúa hvers svæðis.

Fundur samþykkir ályktun I í með rafrænni kosningu.

- Ályktun II. kynnt af Þórdísi Bjarnleifsdóttur, samin af Þórdísi Bjarnleifsdóttur, Kára Jónssyni og Guðmundi Jóni Erlendssyni. Meginatriði ályktunar er að ríkisstyrkur Alþingis skiptist jafnt á milli Sósíalistasflokks Íslands og Alþýðufélagsins sem á og rekur Samstöðina.

Hallfríður Þórarinsdóttir: lýsir sig sammála ályktuninni upp að vissu marki, en bendir á það að flokkurinn sé fá ríkisstyrk upp á 22,5 milljónir sem ætlaður sé til uppbyggingar flokksstarfs. Hún kallar eftir að allt fé til Samstöðvarinnar sé bundið samningi milli hennar og Sósíalistasflokksins með skýrum skilyrðum. Ef að skilyrðin eru ekki uppfyllt sé sá styrkur endurkræfur. Henni finnst Samstöðin prýðismiðill en að löglegur samningur við Sósíalistasflokkinn um styrki hafi aldrei verið til staðar. Hún sé sem gjaldkeri búinn að greiða 11,5 milljónir til Samstöðvarinnar á þessu ári, 2025, í gegnum millifærslu án skilyrða. Kallar eftir því að samningur sé smíðaður sem verði lagður til samþykkis á félagsfundi.

Guðbergur Egill Eyjólfsson: kallar eftir að tillagan verði höfðnuð þar sem þessi styrkur er eyrnamerkur stjórnmálaflokkinum Sósíalístaflokks Íslands ekki alþýðufélaginu.

Kári Jónsson: lýsir því að það hafi verið samþykkt í framkvæmdarstjórn að búa til samning, og er sammála Hallfríði efnislega um nauðsyn þess.

Júlíus K. Valdimarsson: kallar eftir því að nákvæmur verktakasamning við Samstöðina sé gerður sem skýri hvernig Samstöðin getur unnið best fyrir málstað sósíalístaflokksins. Rauður Raunveruleiki hefur haft mikil áhrif í samfélaginu, en að við Rauða borðið sé stjórnandi sem sé illa við að miðillinn útvarpi sósíalisma.

Sanna Magdalena Mörtudóttir: spyr hvort að hún hafi skilið fráfarandi gjaldkera rétt, að hún hafi verið að ásaka einstaklinga um ólöglegt athæfi. Bendir einnig á að það sé ekkert sem stöðvi sósíalista í að koma á Samstöðina og breiða út fagnaðarerindið.

Hallfríður Þórarinsdóttir: enginn er að væna einn eða neinn um ólöglegt athæfi. En samningur er nauðsynlegur til að fjárveitingar frá floknum til Samstöðvarinnar teljist löglegar. Gerir einnig athugasemd við vitnisburð Kára um fund framkvæmdarstjórnar þar sem áætlun um samning átti að hafa verið samþykkt. Þar hafi formaður framkvæmdarstjórnar reifað um að slíkur samningur væri tilbúinn en ekki verið fús til að sýna gjaldkera flokksins hann til að skrifa undir.

Þorvaldur Þorvaldsson: tekur undir orð Hallfríðar og hvetur til að tillagan sé felld. Sér ekki bót í þessari ályktun þar sem fjármunir flokksins eru í grunninn í sama flæði og áður. Lýsir sig einnig ósammála því að binda hendur framkvæmdarstjórnar út starfsárið um fjárútlát til Samstöðvarinnar. Áréttar einnig að með höfnun þessarar ályktunar sé ekki verið binda enda á sambandið við Samstöðina heldur að gefa færi á nýjum samning milli aðilanna.

Þórdís Bjarnleifsdóttir: leggur til að kosið sé um þessa tillögu og að klúbbur verði stofnaður um hvað Gunnar Smári Egilsson hafi sagt við fólk.

Niðurstaða kosningar um ályktun II. Fundur hafnar ályktuninni.

Upprunalega voru þrjár aðrar tillögur að ályktunum, en höfundar þeirra féllu frá þeim. [Allar tillögur um ályktanir má finna í ítarefni.](#)

10. Önnur mál.

- Hallfríður Þórarinsdóttir: góðir félagar. Niðurstöður kosninga í stjórnir liggja fyrir. Tillaga mín er að við í þessum flokki slíðrum sverðin og komum fram við hvort annað af virðingu. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk sé ávallt sammála í stjórnmálaflokki.

- Sæþór Benjamín Randalsson: gleðst yfir fjöldanum á aðalfundinum og fyrstu kosningunum í stjórn í sögu flokksins. Lýsir því yfir að flokkurinn muni setja markið hátt um árangur í uppbyggingu á landsvísi og í komandi kosningum.

- Villi: Gerir athugasemd við enskuslettur í tali ræðufólks og hvetur til vandaðs málfars.

Fundi slitið kl. 16:34

Undirskrift fundarritara

Hannes Pétursson

Ítarefni

Frambjóðendur til stjórna

Til Framkvæmdarstjórnar

Aðalsæti

Sara Stef. Hildardóttir
Kári Jónsson
Gunnar Smári Egilsson
Margrét Pétursdóttir
Laufey Líndal Ólafsdóttir
Jón Hallur Haraldsson
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Þorsteinn Bergsson
Hákon Leifsson
Bergljót Tul Gunnlaugdóttir
Guðbergur Egill Eyjólfsson
Hallfríður Þórarinsdóttir
Hjálmar Friðriksson
Jón Ferdínand Estherarson
Karl Héðinn Kristjánsson
Sæþór Benjamín Randalsson
Sigrún Unnsteinsdóttir
Þorvaldur Þorvaldsson
Varasæti
Marzuk Ingi Lamsiah Svanlaugar
Rósa Guðný Arnardóttir
Sigurjón Ármann Björnsson
Sigurrós Eggertsdóttir
Kolbrún Valvesdóttir
Luciano Dutra
Haraldur Ingi Haraldsson
Védís Guðjónsdóttir

Til Málefnaþjófnaðar

Aðalsæti
Björn Reynir Halldórsson
Hringur Hafsteinsson
Lína Thoroddsen
Sigurður A. Gunnarsson
Þórbergur Torfason
Sigurður Magnússon
María Pétursdóttir
Thorunn Helgadóttir
Anna Jonna Ármannsdóttir
Ari Orrason
Arnar Páll Gunnlaugsson
Elínborg Steinunnardóttir
Elvar Fossdal Sigfússon
Hjörtur Birgir Jóhannuson
Jón Þór Sigurðsson
Sigurður Haraldsson
Vífill Valgeirsson
Varasæti
Sigrún Jónsdóttir
Sigurjón M. Egilsson

Ása Lind Finnbogadóttir
Jóna Guðbjörg Torfadóttir
Stefán Örn Snæbjörnsson
Sunna Dögg Ágústsdóttir
Unnur Rán Reynisdóttir
Sylviane Pétursson Lecoultre

Til Kosningastjórnar

Aðalsæti

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Björn Rúnar Guðmundsson
Halldóra Jóhanna Hafsteins Áû
Guðmundur Auðunsson
Guðmundur Jón Erlendsson
Pétur Tyrfingsson
Þórarinn Haraldsson
Signý Sigurðardóttir
Þórdís Bjarnleifsdóttir
Birna Gunnlaugsdóttir
Kristbjörg Eva Andersen Ramos
Kristinn Hannesson
Markús Candi
Mikael Snær Gíslason
Vésteinn Valgarðsson
Varasæti sjálfkjörin
Ásta Margrét Elínardóttir
Guðröður Atli Jónsson
Andrea Rakel Backmann
Helen María Ólafsdóttir

Til Félagastjórnar

Aðalsæti

Davíð Þór Jónsson
Björgvin Þór Þórhallsson
Ester Bíbí Ásgeirsdóttir
Bogi Reynisson
Vilborg Bjarkardóttir
Ágústa Anna Ómarsdóttir
Valdimar Andersen Arnþórsson
Ingunn Fjóla Brynjólfsdóttir
Jón Gísli Harðarson

Varasæti

Hákon Sveinsson
Jóhann Helgi Heiðdal
Gunnar Þór Jónsson
Oddný Eir Ævarsdóttir

Til Baráttustjórnar

Aðalsæti

Jón Ísak Hróarsson
Guðmundur Hrafn Arngrímsson
Ásta Þórdís Skjalddal
Mahdya Malik
Tamila Gámez Garcell
Harpa Kristbergsdóttir
Claudia Overesch
Jón Þórir Guðmundsson
Ægir Máni Bjarnarson
Rakel Hildardóttir
Varasæti
Elínborg Steinunn Björnsdóttir
María Lilja Ingveldar-Þrastardóttir Kemp
Ásgrimur G. Jörundur
Símon Vestarr

Tillögur um lagabreytingar

<https://sosialistaflokkurinn.is/2025/05/09/tillogur-um-lagabreytingar/>

Framkvæmdastjórn
09.05.2025

Framkvæmdastjórn bárust fjórar tillögur um lagabreytingar sem lagðar verða fyrir Sósíalistapiing 24. maí.

Þær eru þessar, númeraðar I., II., III. og IV:

I. SKIPUN SAMVISKU frá Framkvæmdastjórn

Ákvæði í nógildandi skipulagi:

Sósíalistapiing skal skipa slembivalda nefnd félagsmanna, Samvisku, sem hefur það hlutverk með höndum að efla umræðu og vitund um réttindi og skyldur félagsmanna, vandaða starfshætti, góð samskipti, virðingu fyrir persónum og jafnrétti milli einstaklinga í starfi flokksins auk þess að skera úr um ágreiningsmál sem þar geta komið upp og falla utan verksviðs Framkvæmdastjórnar ...

Verði:

Sósíalistapiing felur Framkvæmdastjórn að slembivelja nefnd félagsmanna, Samvisku, sem hefur það hlutverk með höndum að efla umræðu og vitund um réttindi og skyldur félagsmanna, vandaða starfshætti, góð samskipti, virðingu fyrir persónum og jafnrétti milli einstaklinga í starfi flokksins auk þess að skera úr um ágreiningsmál sem þar geta komið upp og falla utan verksviðs Framkvæmdastjórnar ...

II. KOSNINGASTJÓRN

frá Kosningastjórn

Ákvæði í nágildandi skipulagi:

Kosningastjórn

Kosningastjórn heldur utan um framboð Sósíalistaflokkssins til Alþingis og sveitastjórna og sér um val á framboðslista með aðferðum sem samþykktar hafa verið á aðalfundi eða félagsfundum, mótar kosningastefnu byggða á stefnum flokkssins og rekur kosningabaráttu til þings og sveitarstjórna.

Framboðslistar skulu samþykktir af sósíalistapingi eða félagsfundum og kosningastefna af sameiginlegum fundum allra stjórna flokkssins. Kosningastjórn getur myndað undirhópa og -stjórnir til að sinna kosningaefirliti, kosningastjórn í einstökum kjördæmum og sveitarfélögum og aðra hópa ef þurfa þykir.

Kosningastjórn skal halda utan um stjórn málaumræðu á vef flokkssins, þjálfa upp talsfólk flokkssins, efna til stjórn mála fundum og sinna umræðu um stefnu og áherslur Sósíalista flokkssins á breiðum vettvangi.

Kosningastjórn er kjörin á Sósíalistapingi og skal skipuð 9 aðalmönnum og 4 til vara. Formaður Kosningastjórnar er kosinn sérstaklega á félagsfundum og er jafnframt pólitískur leiðtogi flokkssins á sviði Alþingis og sveitastjórna. Að öðru leyti skiptir Kosningastjórn með sér verkum, velur sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Innan kosningastjórnar starfar níu manna Uppstillingarnefnd framboðslista sem hefur það hlutverk að leggja til framboðslista fyrir þingkosningar í öllum kjördæmum fyrir félagsfund til samþykkingar.

Uppstillingarnefnd tilnefnir tvo ábyrgðarmenn sem eru í forsvari fyrir nefndina.

Uppstillingarnefnd er heimilt að leggja sérstaklega til leiðtoga framboðslista og/eða framvarðarsveit framboðsins samkvæmt tillögum frá formanni Kosningastjórnar, sem jafnframt er pólitískur leiðtogi framboðsins.

Þau sem bjóða sig fram í Uppstillingarnefnd gangast undir að bjóða sig ekki fram í efstu fimm sæti framboðslista. Uppstillingarnefnd er heimilt að mynda undirhópa í einstökum kjördæmum og sveitarfélögum ef þurfa þykir.

Félagsfundur 2024 skilgreindi umboð Uppstillingarnefndar við kjör hennar: „Uppstillingarnefnd fyrir þingkosningar 2024 er kosin til að raða framboðslistum í öllum kjördæmum og leggja fyrir félagsfund. Nefndin tekur við tillögum pólitísks leiðtoga um skipan efstu þriggja frambjóðenda í hverju kjördæmi. Nefndin tekur við tilnefningum í önnur sæti frá öllum flokksmönnum og raðar frambjóðendum í öll sæti frá 4. sæti og neðar. Nefndin leggur tillögur um forystusveit í einu kjördæmi eða fleiri fyrir félagsfund og fullgerða lista eftir því sem þeir eru tilbúnir.“

Lagt til að eftirfarandi málsgreinar falli niður:

Innan kosningastjórnar starfar níu manna Uppstillingarnefnd framboðslista sem hefur það hlutverk að leggja til framboðslista fyrir þingkosningar í öllum kjördæmum fyrir félagsfund til samþykkar.

Uppstillingarnefnd tilnefnir tvo ábyrgðarmenn sem eru í forsvari fyrir nefndina.

og:

Félagsfundur 2024 skilgreindi umboð Uppstillingarnefndar við kjör hennar: „Uppstillingarnefnd fyrir þingkosningar 2024 er kosin til að raða framboðslistum í öllum kjördæmum og leggja fyrir félagsfund. Nefndin tekur við tillögum pólitísku leiðtoga um skipan efstu þriggja frambjóðenda í hverju kjördæmi. Nefndin tekur við tilnefningum í önnur sæti frá öllum flokksmönnum og raðar frambjóðendum í öll sæti frá 4. sæti og neðar. Nefndin leggur tillögur um forystusveit í einu kjördæmi eða fleiri fyrir félagsfund og fullgerða lista eftir því sem þeir eru tilbúnir.“

og að eitt orð falli úr þessari málsgrein:

Pau sem bjóða sig fram í Uppstillingarnefnd gangast undir að bjóða sig ekki fram í efstu **fimm** sæti framboðslista. Uppstillingarnefnd er heimilt að mynda undirhópa í einstökum kjördæmum og sveitarfélögum ef þurfa þykir.

Við bætast ein málsgrein:

Uppstillingarnefnd framboðslista hefur það hlutverk að leggja til framboðslista fyrir þing- og sveitarstjórnarkosningar í öllum kjördæmum fyrir félagsfund til samþykkar.

Kaflinn um Kosningastjórn í Skipulagi verði þá svona:

Kosningastjórn heldur utan um framboð Sósíalistaflokksins til Alþingis og sveitastjórna og sér um val á framboðslista með aðferðum sem samþykktar hafa verið á aðalfundi eða félagsfundi, mótar kosningastefnu byggða á stefnum flokksins og rekur kosningabaráttu til þings og sveitarstjórna.

Framboðslistar skulu samþykktir af sósíalistapingi eða félagsfundi og kosningastefna af sameiginlegum fundi allra stjórna flokksins. Kosningastjórn getur myndað undirhópa og -stjórnir til að sinna kosningaefirliti, kosningastjórn í einstökum kjördæmum og sveitarfélögum og aðra hópa ef þurfa þykir.

Kosningastjórn skal halda utan um stjórn málaumræðu á vef flokksins, þjálfa upp talsfólk flokksins, efna til stjórn málafunda og sinna umræðu um stefnu og áherslur Sósíalistaflokksins á breiðum vettvangi.

Kosningastjórn er kjörin á Sósíalistapingi og skal skipuð 9 aðalmönnum og 4 til vara. Formaður Kosningastjórnar er kosinn sérstaklega á félagsfundi og er jafnframt pólitískur leiðtogi flokksins á sviði Alþingis og sveitastjórna. Að öðru leyti skiptir Kosningastjórn með sér verkum, velur sér varaformann, ritara og gjaldkera.

Uppstillingarnefnd framboðslista hefur það hlutverk að leggja til framboðslista fyrir þing- og sveitarstjórnarkosningar í öllum kjördæmum fyrir félagsfund til samþykkar.

Uppstillingarnefnd er heimilt að leggja sérstaklega til leiðtoga framboðslista og/eða framvarðarsveit framboðsins samkvæmt tillögum frá formanni Kosningastjórnar, sem jafnframt er pólitískur leiðtogi framboðsins.

Þau sem bjóða sig fram í Uppstillingarnefnd gangast undir að bjóða sig ekki fram í efstu sæti framboðslista. Uppstillingarnefnd er heimilt að mynda undirhópa í einstökum kjördæmum og sveitarfélögum ef þurfa þykir.

III. SVÆÐISFÉLÖG

frá Jóni Þór Sigurðssyni fyrir hönd félaga í Norðausturkjördæmi

Ákvæði í nágildandi skipulagi:

Sellur og Félagastjórn

Sósíalistaflokkur Íslands leitast við að halda sem öflugustum tengslum við félagsmenn sína og styðja þá í reglulegri virkni og ábyrgðarstörfum innan flokksins. Til að anna þessu hlutverki skipar Sósíalistaping Félagastjórn.

Félagastjórn starfrækir „Sellur“ sem félagsmenn á tilteknu búsetusvæði tilheyra sjálfkrafa. Félagastjórn virkjar, styður og mótar starf Sellanna eftir þörfum. Sellurnar efla tengsl flokksins við félagsmenn og nærsamfélög þeirra og skulu leitast við að halda reglulega fundi og bjóða þar nýja félagsmenn sérstaklega velkomna. Sellur skulu einnig leita leiða til að afla nýrra félagsmanna.

Heimilt er að varpa spurningum sem varða ákvarðanir flokksins til Sellanna.

Framkvæmdastjórn skal veita Félagastjórn aðgang að félagaskrá og upplýsa hana reglulega um skráningu nýrra félagsmanna.

Félagastjórn er kjörin á Sósíalistapingi og skal skipuð 9 aðalmönnum og 4 til vara. Hún skiptir sjálf með sér verkum en skal hafa innanborðs formann, varaformann og ritara. Sósíalistaping getur tekið ákvörðun um að úthluta fé til Félagastjórnar til að standa straum af kostnaði á borð við leigu fundarhúsnæðis og kaffiveitingar. Skal þá Félagastjórn skipa sér gjaldkera, sem stendur skil á fjárhagsuppgjöri til gjaldkera Framkvæmdastjórnar.

Verði:

Svæðisfélög og Félagastjórn

Í Sósíalístaflokknum skulu vera starfrækt Svæðisfélög. Svæðisfélag skal aldrei vera minna en eitt sveitarfélag og getur náð yfir nokkur sveitarfélög innan kjördæmis. Svæðisfélög kjósa sér svæðisstjórnir með formanni, ritara og gjaldkera. Svæðisfélög innan kjördæmis skulu mynda kjördæmaráð sem hefur það hlutverk að halda utan um alþingiskosningar. Félagar hafa atkvæðisrétt og eru aðilar að þeim svæðisfélögum þar sem þeir hafa lögheimili eða aðsetur en njóta málfrelsis og tillöguréttar á fundum allra svæðisfélaga. Fjárveitingar til svæðisfélaga skulu taka tillit til fjölda félagsmanna, verkefna og fjárhagsstöðu flokksins að hverju sinni.

Sósíalístaflokkur Íslands leitast við að halda sem öflugustum tengslum við félagsmenn sína og styðja þá í reglulegri virkni og ábyrgðarstörfum innan flokksins. Til að anna þessu hlutverki skipar Sósíalístáþing Félagastjórn.

Félagastjórn starfrækir „Sellur“ sem félagsmenn á tilteknu búsetusvæði tilheyra sjálfkrafa. Félagastjórn virkjar, styður og mótar starf Sellanna eftir þörfum. Sellurnar efla tengsl flokksins við félagsmenn og nærsamfélög þeirra og skulu leitast við að halda reglulega fundi og bjóða þar nýja félagsmenn sérstaklega velkomna. Sellur skulu einnig leita leiða til að afla nýrra félagsmanna.

Heimilt er að varpa spurningum sem varða ákvarðanir flokksins til Sellanna.

Framkvæmdastjórn skal veita Félagastjórn aðgang að félagaskrá og upplýsa hana reglulega um skráningu nýrra félagsmanna.

Félagastjórn er kjörin á Sósíalístáþingi og skal skipuð 9 aðalmönnum og 4 til vara. Hún skiptir sjálf með sér verkum en skal hafa innanborðs formann, varaformann og ritara. Sósíalístáþing getur tekið ákvörðun um að úthluta fé til Félagastjórnar til að standa straum af kostnaði á borð við leigu fundarhúsnæðis og kaffiveitingar. Skal þá Félagastjórn skipa sér gjaldkera, sem stendur skil á fjárhagsuppgjöri til gjaldkera Framkvæmdastjórnar.

IV. TRÚNAÐARRÁÐ

frá Roða

Ákvæði í núgildandi lögum:

3. gr.

Skipulag samtakanna. Æðsta vald Sósíalístaflokks Íslands í mótun og framkvæmd pólitískrar stefnu er árlegt Sósíalístáþing sem nánar er kveðið á um í Skipulagi. Félagi getur á hverjum tíma aðeins setið í einni kjörinni stjórn (Framkvæmdastjórn, Félagastjórn, Baráttustjórn, Stjórnarráði eða Málefnaðstjórn). Seta félaga í kjörinni stjórn útilokar viðkomandi ekki frá setu í slembivalinni stjórn (til að mynda Samvisku, Kjörnefnd eða Málefnaðhópum). Né heldur útilokar seta í einni slembivalinni nefnd setu í annarri slembivalinni nefnd. Þó skal nefndarmaður í Samvisku segja sig frá umfjöllun um ágreiningsmál sem viðkomandi er aðili að, og skal Samviskan ákveða hvort nauðsynlegt sé að viðkomandi víki alfarið úr nefndinni. Hver félagi skal ekki sitja sem aðalmaður og varamaður lengur en tólf ár í hverri stjórn og ekki gegna formennsku í hverri nefnd lengur en átta ár. Félagi sem er ekki kjörgengur í eina stjórn af þessum sökum er áfram kjörgengur í aðrar nefndir.

Verði:

3. gr.

Skipulag samtakanna.Æðsta vald Sósíalístaflokks Íslands í mótun og framkvæmd pólitískrar stefnu er árlegt Sósíalístapiing sem nánar er kveðið á um í Skipulagi. Félagi getur á hverjum tíma aðeins setið í einni kjörinni stjórn (Framkvæmdastjórn, Félagastjórn, Baráttustjórn, Stjórnarráði eða Málefnaastjórn). Seta félaga í kjörinni stjórn útilokar viðkomandi ekki frá setu í slembivalinni stjórn (til að mynda Samvisku, Kjörnefnd eða Málefnaþópum). Hver félagi skal ekki sitja sem aðalmaður og varamaður lengur en tólf ár í hverri stjórn og ekki gegna formennsku í hverri nefnd lengur en átta ár. Félagi sem er ekki kjörgengur í eina stjórn af þessum sökum er áfram kjörgengur í aðrar nefndir. *Meðlimur Trúnaðarráðs má ekki sitja í öðrum stjórnnum flokksins.*

Ákvæði í núgildandi skipulagi:

Samviska

Sósíalístapiing skal skipa slembivalda nefnd félagsmanna, Samvisku, sem hefur það hlutverk með höndum að efla umræðu og vitund um réttindi og skyldur félagsmanna, vandaða starfshætti, góð samskipti, virðingu fyrir persónum og jafnrétti milli einstaklinga í starfi flokksins auk þess að skera úr um ágreiningsmál sem þar geta komið upp og falla utan verksviðs Framkvæmdastjórnar. Slík mál geta t.d. varðað meint afgang stjórnarmanna í embætti eða meinta ósæmilega framkomu félagsmanns við aðra félagsmenn eða á opinberum vettvangi. Erindi til Samvisku skal senda á póstfangið: samviska@sosialistaflokkurinn.is

Samvisku er heimilt að eiga frumkvæði að samtali við félagsmenn um störf hennar, tilgang og viðmið og getur lagt fram drög að Siðareglum til samþykkis á Sósíalístapiingi. Að öðrum kosti skal Samviska hafa Lög, Skipulag og aðrar skriflegar samþykktir flokksins til viðmiðunar í ákvörðunum sínum en skal jafnframt hafa sanngirni, meðalhóf og skynsemi að leiðarljósi. Ákvarðanir hennar skulu studdar málefnalegum sjónarmiðum.

Samvisku er heimilt að sækja álit hjá sérfróðum einstaklingum og leita fyrirmynda annars staðar frá um hvernig best megi ná markmiðum hennar og tryggja farsælar úrlausnir ágreiningsmála.

Samviska getur, eftir atvikum, beitt eftirfarandi úrræðum: Gagnvart meðlimum Framkvæmdastjórnar, Málefnaastjórnar, Málefnaþópa, Félagastjórnar og Kjörnefndar: Veitt skriflega áminningu, vikið úr embætti, og/eða vikið úr flokknum. Gagnvart félagsmönnum: Veitt skriflega áminningu og/eða vikið úr flokknum. Að jafnaði skal félagsmönnum ekki vikið úr flokknum nema að veittri a.m.k. einni áminningu.

Í Samvisku skal velja 30 nefndarmenn og teljast fundir hennar löglegir að viðstöddum 10 þeirra.

Verði:

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð er trúnaðar- og aðhaldsafl hreyfingarinnar. Hlutverk hennar er að skera úr um ágreiningsmál sem geta komið upp á milli félagsmanna. Trúnaðarráð skal beita sér fyrir vönduðum starfsháttum, góðum samskiptum, virðingu fyrir persónum og jafnrétti milli einstaklinga í starfi flokksins.

Mál sem trúnaðarráð gæti þurft að taka fyrir gætu varðað t.d meint afglöp stjórnarmanna í embætti eða meinta ósæmilega framkomu félagsmanns við aðra félagsmenn eða á opinberum vettvangi. Eftir fremsta megni ber Trúnaðarráði að reyna að stofna til sátta í ágreiningsmálum. Erindi til Trúnaðarráðs skal senda á póstfangið: samviska@sosialistaflokkurinn.is, sem einungis kjörnir trúnaðarmenn skulu hafa aðgang að á hverjum gefnum tímapunkti. Einnig skal þó taka á erindum sem berast til Trúnaðarráðs með óformlegri hætti og gæta skal fulls trúnaðar í viðkvæmum málefnum.

Trúnaðarráð hefur frumkvæðisrétt í því að stuðla að heilbrigðri vinnumenningu innan hreyfingarinnar meðal annars með fræðslu, samtölum og málamiðlunum. Að öðrum kosti skal Trúnaðarráð skal hafa Lög, Skipulag og aðrar skriflegar samþykktir flokksins til viðmiðunar í ákvörðunum sínum en skal jafnframt hafa sanngirni, meðalhóf og skynsemi að leiðarljósi. Ákvarðanir hennar skulu studdar málefnalegum sjónarmiðum.

Stjórn Trúnaðarráðs er skipuð af þremur aðalmönnum og tveimur til vara sem eru kjörnir á aðalfundi.

Trúnaðarráð getur, eftir atvikum, beitt eftirfarandi úrræðum:

Gagnvart meðlimum stjórna, málefnaþópa og almennra félagsmanna: Veitt skriflega áminningu.

Að jafnaði skal félagsmönnum ekki vikið úr flokknum eða embætti nema að veittri a.m.k. einni áminningu nema um sérstaklega alvarleg tilvik ræði.

Til að víkja einstakling úr flokknum skal Trúnaðarráð almennt virkja slembivalinn 30 manna hóp til að fara yfir málið og meta réttmæti þess. Einstaklingurinn sem um ræðir hefur ávallt andmælarétt til að skýra sína hlið fyrir Trúnaðarráði eða slembivaldna hópnum skyldi hópurinn vera kallaður til. Ef allir aðilar máls eru sammála að málefnið skuli vera leyst í trúnaði skal málið útkljáð af Trúnaðarráði án aðkomu slembivalins hóps. Félagsmaðurinn hefur rétt til að skjóta ákvörðun um brottvísun sína til aðalfundar.

Ný tillaga, sett inn 23. maí:

V. BARÁTTUSTJÓRN

frá Framkvæmdastjórn

Bætt verði við ákvæði til bráðabirgða við kaflann *Baráttuhópar og baráttustjórn* í skipulagi:

Aðalfundur Sósíalistaflokksins 2025 skipar bráðabirgðastjórn Baráttustjórnar sem fær umboð til að móta tillögur að breytingum á kafla skipulags flokksins sem fjallar um Baráttuhópa og baráttustjórn. Bráðabirgðastjórn er einnig falið að kanna með hvaða hætti Sósíalistaflokkurinn get best stutt við bakið á myndun, uppbyggingu og endurreisn hagsmunahópa almennings, einkum þeirra hópa sem hafa ekki fjárhagslegan styrk til að reka hagsmunagæslu og skortir rödd í samfélaginu. Tillögur bráðabirgðastjórnar skulu lagðar fyrir framhalds-aðalfund haustið 2025. Bráðabirgðastjórn skal skipuð 9 aðalmönnum og 4 varamönnum og starfa með sama hætti og aðrar stjórnir flokksins. Stjórnin skiptir með sér verkum, velur sér formann, varaformann og ritara.

Greinargerð:

Undanfarin ár hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að vekja upp Baráttustjórn, án árangurs. Nú er lag til að reyna aftur vegna mikils áhuga meðal félaga á að bjóða sig fram til stjórna. Þess vegna er lagt til þetta bráðabirgðaákvæði í Skipulag flokksins. Nýrri stjórn er falið að forma með hvaða hætti Sósíalistaflokkurinn getur best stutt við bakið á myndun, uppbyggingu og endurreisn hagsmunahópa almennings, einkum þeirra hópa sem hafa ekki fjárhagslegan styrk til að reka hagsmunagæslu og skortir rödd í samfélaginu.

Tillögur um ályktanir aðalfundar

<https://sosialistaflokkurinn.is/2025/05/20/tillogur-um-alyktanir-adalfundar/>

Framkvæmdastjórn — Tilkynning
20.05.2025

I. Tillaga um blandaða leið við val á framboðslista til Alþingiskosninga

Flutningsmenn: Kári Jónsson, Guðmundur Jón Erlendsson, Þórdís Bjarnleifsdóttir

Í ljósi fyrri reynslu af uppstillingu teljum við að sú aðferðafræði, þar sem uppstillinganefnd velur alla frambjóðendur á lista, hafi marga vankanta og auki hættu á hagsmunatengslum, takmarkaðri lýðræðislegri þátttöku og ógegnsæi. Tillagan miðar að því að auka gagnsæi, dreifa valdinu og tryggja að framboðslistar endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Lagt er til að þrír efstu einstaklingarnir á lista í hverju kjördæmi verði valdir í lokuðu prófkjöri, sem allir félagsmenn Sósíalistaflokksins með að minnsta kosti fjögurra mánaða félagsaðild hafa kosningarétt í öllum kjördæmum.

Til að tryggja fjölbreyttari samsetningu listanna og draga úr hættu á hagsmunatengslum og ógagnsæi skal í hverju kjördæmi kosin sjálfstæð valnefnd á félagsfundi, skipuð fimm einstaklingum, sem velur frambjóðendur frá fjórða sæti og niður. Við val nefndarinnar og við störf hennar skal tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- að tryggja félagslega fjölbreytni listanna, meðal annars með tilliti til stéttarstöðu, kyns, aldurs og búsetu innan kjördæmisins
- að tryggja gagnsæi í ferlinu og skýran rökstuðning fyrir vali frambjóðenda
- að forðast hvers kyns hagsmunatengsl og tryggja að sem flest sjónarmið og reynsluheimar fái rödd á listanum.

Þrír efstu frambjóðendur sitja ekki í valnefndum og félagsfundur samþykkir lista valnefndar í hverju kjördæmi.

Greinargerð um tillögu að blandaðri leið við val á framboðslista til Alþingiskosninga

Markmið okkar með þessari tillögu er að efla lýðræði, tryggja gagnsæi og stuðla að því að framboðslistar Sósíalistaflokks Íslands endurspegli þann fjölbreytileika og þau gildi sem flokkurinn stendur fyrir. Í ljósi reynslu síðustu ára teljum við brýnt að endurskoða þá aðferðafræði sem notast hefur verið við val á frambjóðendum, þar sem uppstillingarnefnd

hefur haft algert vald yfir röðun á framboðslista. Sú aðferð hefur að okkar mati ýmsa vankanta sem grafa undan lýðræðislegri þátttöku, auka hættu á klíkuskap og veikja traust almennra félagsmanna til ferlisins.

Ókostir við núverandi fyrirkomulag:

- Skortur á lýðræðislegri þátttöku: Félagar hafa lítið sem ekkert að segja um röðun frambjóðenda á lista. Valdið er í höndum fárra og þátttöku almennings í ferlinu er haldið í lágmarki.
- Hætta á hagsmunatengslum: Nefndin getur ómeðvitað (eða meðvitað) látið persónuleg tengsl, vináttu eða eigin hugmyndir um „samvinnuþýða“ einstaklinga ráða för frekar en sjónarmið um pólitíska styrkleika, fjölbreytileika eða lýðræðislegt umboð.
- Skortur á gagnsæi: Ferlið er oft óskýrt, og ekki liggur alltaf fyrir hver rökstuðningurinn er fyrir vali frambjóðenda eða röðun þeirra á lista.
- Skert traust: Þegar val á frambjóðendum byggir á lokuðu og ógegnsæju ferli minnkar traust félagsmanna á lýðræðislegum vinnubrögðum flokksins.

Kostir tillögunnar um blandaða aðferð við val á framboðslista til Alþingiskosninga:

- Lýðræðisleg þátttaka félaga: Með því að veita öllum skráðum félagsmönnum kosningarétt í vali efstu frambjóðenda er valdið fært til grasrótarinnar. Félagar fá raunverulegt vald til að velja þau sem leiða baráttuna í öllum kjördæmum.
- Dreifing valds: Tillagan felur í sér tvískipt ferli þar sem félagsmenn velja efstu sæti og fimm manna valnefnd, kosin á félagsfundum, hefur það hlutverk að tryggja fjölbreytileika í neðri sætum. Þetta minnkar miðstýringu og veitir bæði lýðræðislega skírskotun og aðhald í ferlinu.
- Aukið gegnsæi og ábyrgð: Með skýrum ramma um störf valnefnda – þar sem krafa er um rökstuðning, gagnsæi og fjölbreytileika – skapast traustara og réttlátara ferli. Aðkoma félagsfundar tryggir aukið aðhald og eykur ábyrgð þeirra sem vinna að listagerð.
- Tryggir breiðara fulltrúalýðræði: Með skýrum leiðbeiningum til valnefndar um að tryggja félagslega fjölbreytni aukast líkur á að listinn endurspegli samfélagið – stéttaskiptingu, kyn, aldur og búsetu og þannig verður boðið upp á trúverðugar raddir úr öllum áttum samfélagsins.

Við teljum að þessi tillaga sé skref í átt að opnara, réttlátara og lýðræðislegra flokksstarfi. Hún byggir á grunngildum sósíalisma: samstöðu, dreifingu valds og virku lýðræði. Við hvetjum því félagar til að samþykkja þessa tillögu og taka virkan þátt í að byggja sterkari og lýðræðislegri hreyfingu frá grunni.

II. Tillaga um ráðstöfun ríkisstyrks Alþingis til Sósíalistafllokks Íslands og Alþýðufélagsins

Flutningsmenn: Kári Jónsson, Guðmundur Jón Erlendsson, Þórdís Bjarnleifsdóttir

Við leggjum til að ríkisstyrkur Alþingis skiptist jafnt á milli Sósíalistaflokk Íslands og Alþýðufélagsins sem á og rekur Samstöðina.

1. Við teljum brýnt að tryggja rekstur Sósíalístaflokks Íslands og Samstöðvarinnar.
2. Við leggjum til að 50% af ríkisstyrknum fari til Sósíalístaflokks Íslands því við teljum brýnt að flokkurinn eigi handbært fé til reksturs flokksins og kosningabaráttu.

Teljum brýnt að Samstöðin fái 50% af styrknum til að geta haldið áfram því öfluga starfi sem það hefur sinnt hingað til í sjónvarpi og útvarpi með öflugri samfélagslegri umræðu í hnignandi fjölmiðlaumhverfi.

Með þessari breytingu verður sú breyting á að Sósíalístaflokkur Íslands tekur við leigusamningi og rekstri á félagsheimili Sósíalístaflokks Íslands, Vorstjörnunni Bolholti 6.

Greinargerð með tillögu um ráðstöfun ríkisstyrks Alþingis til Sósíalístaflokks Íslands og Alþýðufélagsins

Rökstuðningur

1. **Tryggja þarf rekstur flokksins sjálfs**
Til þessa hefur flokkurinn ekki haft sjálfstæðan hluta af ríkisstyrknum til eigin reksturs, þrátt fyrir að vera stjórn mála flokkur með vaxandi skyldur og verkefni. Ef við ætlum að byggja upp sterkan, lýðræðislegan og sjálfbæran flokk sem getur staðið undir reglulegri kosningabaráttu, skipulögðu starfi á landsvísu og öflugri stefnumótun, þá verður flokkurinn að hafa eigin fjárhag og aðgengi að fjármagni. Handbært fé er nauðsynlegt til að halda úti skipulagi, innviðum, tengslum við grasrótina og ekki síst undirbúningi fyrir komandi alþingiskosningar.
2. **Samstöðin gegnir lykilhlutverki í miðlun og umræðu**
Við viljum ekki veikja Samstöðina – þvert á móti. Samstöðin hefur reynst einn mikilvægasti samfélagslegi vettvangur flokksins, þar sem sjónarmið sem jaðarsett eru í ríkjandi fjölmiðlum fá pláss og málefni alþýðunnar njóta umfjöllunar. Í hnignandi fjölmiðlaumhverfi, þar sem frjáls og sjálfstæður umræðuvettvangur er undir þrýstingi, er nauðsynlegt að verja fjármögnun Samstöðvarinnar. Þess vegna leggjum við til að hún haldi áfram að fá 50% af styrknum, óskert.
3. **Skýrari verkaskipting og sjálfbær innviðaðróun**
Með þessari breytingu er rekstur Sósíalístaflokksins tryggður til að hrinda í framkvæmd verkefnum og kosningabaráttu. Framlag Sósíalístaflokksins til Samstöðvarinnar (50%) af ríkisstyrk alþingis hefur mikil og jákvæð áhrif fyrir áframhaldandi uppbygginu Samstöðvarinnar og rekstur. Flokkurinn tekur við rekstri félagsheimilisins í Bolholti, sem endurspeglar aukna ábyrgð og sjálfstæði flokksins sem stjórn málaafis. Þetta er skref í átt að sjálfstæðum innviðum og fjárhagslegri sjálfbærni beggja eininga, þar sem hvor fyrir sig getur sinnt sínu hlutverki á sterkari grunni.

Niðurstaða

Við leggjum þessa breytingu til af ábyrgð og langtímahugsun. Hún styrkir flokksstarfið, ver Samstöðina og tryggir skýrari aðgreiningu milli pólitísks afls og fjölmiðlahlutverks. Með því að skipta ríkisstyrknum jafnt á milli Sósíalístaflokks Íslands og Alþýðufélagsins byggjum við báðar stoðir hreyfingarinnar upp á sanngjarnan, gagnsæjan og sjálfbæran hátt.

Við hvetjum félagsmenn til að styðja þessa tillögu í nafni lýðræðis, ábyrgðar og sterkara flokksstarfs.

III. Tillaga um að boðið verði fram til sveitarstjórnarkosninga

Kosningastjórn leggur til tvær tillögu um að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum. Annars vegar tillögu um að ákveða að bjóða fram og hinsvegar tillögu um verklag vegna undirbúnings og skipulags. sveitarstjórnarkosninga.

Kosningastjórn leggur til að aðalfundur samþykki að bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga árið 2026. Kosningastjórn verði falin nánari útfærsla við viðeigandi sveitarfélög. Stefnt verður að því að bjóða fram í öllum sveitarfélögum.

Þetta er fyrsta tillaga kosningastjórnar

IV. Tillaga um val á lista fyrir sveitarstjórnarkosningar

Kosningastjórn leggur til eftirfarandi tillögu um val á lista í sveitarstjórnnum, til að undirstrika að félagar í sínu nærumhverfi komi að þessum málum, þ.e.a.s röðun á lista og undirbúning og þetta er sett fram með það að markmiði að virkja félagsstarf og féлага í sínum sveitarstjórnarkosningum. Þannig að það sé skýrt í verklagi okkar hvernig við vinnum fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar.

Tillaga 2: Kosningastjórn verði falið að leita til féлага í öllum sveitarfélögum og vinna sameiginlega að því að undirbúa sveitarstjórnarkosningar. Kosningastjórn hefur samband við öll sveitarfélög þar sem Sósíalistaflokkur Íslands á féлага og leitar að þeim sem eru tilbúin til þess að gefa kost á sér í framboð. Félagar fái verkefni og vinna þannig að uppbyggingu starfs og undirbúningi til sveitarstjórnarkosninga í samvinnu við aðra féлага. Stuðst verði við uppstillingu á lista til sveitarstjórnarkosninga þar sem ábyrgðarmanneskja í hverju sveitarfélagi fyrir sig heldur utan um röðun á lista í samvinnu við heimamenn sem vilja taka virkan þátt í starfinu og kosningastjórn og úr því mynduð uppstillingarnefnd. Kosningastjórn skipar a.m.k. einn fyrir hvert sveitarfélag til að veita aðstoð við uppstillingu framboðslista og önnur mál. Listar verði lagðir fram til staðfestingar félagsfundar sem verði haldinn í viðkomandi sveitarfélagi með fjarfundarmöguleika.

V. Tillaga um alþingiskosningar

Tillaga kosningastjórnar um val á lista fyrir þingkosningar

Samþykkt verði að búa til uppstillingarnefnd fyrir Alþingiskosningar þar sem sameiginlegur fundur allra stjórna flokksins velur ábyrgðaraðila uppstillingarnefndar, eftir að hafa óskað eftir tilnefningum frá félögum. Ábyrgðaraðilinn verður valinn að minnsta kosti sex mánuðum fyrir kosningar. Hann heldur utan um val á tíu félögum í nefndina, færir rök fyrir sínu máli og leggur fyrir til samþykktar félagsfundar en getur einnig bætt félögum við í nefndina til að

sinna verkefnum eftir þörfum. Nefndin leitar eftir stuðningi og aðstoð frá kjördæmum við uppstillingu en hefur lokaorðið í ákvörðunum. Uppstillingarnefnd velur frambjóðendur á lista í öllum kjördæmum og leggur þá fram til samþykktar á félagsfundi. Listarnir teljast þá formlega samþykktir eða felldir. Þriggja manna hópur úr hverju kjördæmi kemur til aðstoðar í sínu kjördæmi og verði hluti að nefndinni þegar val á lista í því kjördæmi eru í undirbúningi. Leitast skal við að tíu manna nefndin verði skipuð einstaklingum úr öllum kjördæmum sem boðið er fram í. Rökstyðja skal val á lista.

Rök: Þetta er gert af praktískum aðstæðum, þetta er mikil vinna þar sem fólk þarf að gefa sig fram í starfið framundan.

Reykjavík, 27 maí 2025, Aðalfundargerð samþykkt af neðangreindum nýkjörnum stjórnarliðum.

Auk þess skrifar fundarritari Hannes Pétursson undir.

Framkvæmdastjórn Sósíalistaflokks Íslands - kt. 560914 0240 - kosin á aðalfundi 24. maí 2025